

Ársskýrsla Mannréttindaskrifstofu Íslands
Útgefandi: Mannréttindaskrifstofa Íslands

Prentun: Leturprent

Kápumynd: Egill Rúnar Viðarsson

Umbrot: Valgerður Björk Pálsdóttir

© 2012 Mannréttindaskrifstofa Íslands

ISSN: 1670-8032


Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis útgefanda.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
AÐILDARFÉLÖG OG STJÓRN	3
Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn	3
FJÁRMÁL OG REKSTUR	4
Fjármál	4
Starfsmannamál og skrifstofuhald	4
Húsnæðismál	4
Bókasafnið	5
Heimasíða og vefsetur um mannréttindi	5
STARFSEMIN INNANLANDS	6
Aðstoð og upplýsingagjöf	6
Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur	6
Samráðsfundir með stjórnvöldum	7
Ráðstefnur og námskeið	7
Fundir og viðburðir	9
Önnur samstarfsverkefni	11
Framlag til funda og málstofa	11
Mannréttindafræðsla	12
Mannréttindakennsluefni	12
Útgefið efni	13
Fjölmiðlar og opinber umræða	13
Styrkir til rannsókna og fleira	13
ERLENT SAMSTARF	16
Human Rights Education Project	16
AHRI - The Association of Human Rights Institutes	17
Sameinuðu þjóðirnar	18
Evrópuráðið	19
Evrópusambandið	19
Norrænt samstarf	19

INNGANGUR

framkvæmdastjóra



Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) var stofnuð á Þingvöllum hinn 17. júní 1994. Skrifstofan er í dag samtök fjórtán félagasamtaka og stofnana sem vinna á einhvern hátt að mannréttindum. Tilgangur MRSÍ er að vinna að framgangi mannréttinda með því að veita upplýsingar um mannréttindamál og stuðla að fræðslu og rannsóknum. Skrifstofan gegnir einnig eftirlitshlutverki gagnvart stjórnvöldum sem felst í umsögnum um lagafrumvörp og skýrslugerð fyrir eftirlitsnefndir Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðið. Þá kemur Mannréttindaskrifstofan fram fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi, m.a. AHRI, COST verkefni ESB, samtökum mannréttindastofnana í Evrópu og í norrænu samstarfi, auk þátttöku í alþjóðasamtökum er vinna að ákveðnum málefnum, s.s. UNITED, FIDH og OP-ESCR.

Afstöðu skrifstofunnar til mannréttinda á Íslandi má einkum ráða af umsögnum hennar um einstök lagafrumvörp sem og í skýrslum til ýmissa alþjóðastofnana um stöðu mannréttinda á Íslandi. Skrifstofan hefur engin tengsl við stjórnmalaflokka eða stefnur og tekur ekki afstöðu til einstakra mála nema þau snerti mannréttindi sérstaklega.

Helstu verkefni skrifstofunnar síðustu árin eru málþing um mannréttindi, fræðsla í framhaldsskólum, átak gegn kynbundu ofbeldi, Evrópuvika gegn rasisma, að svara fyrirspurnum og erindum sem berast frá einstaklingum og stofnunum, innlendum og erlendum, skýrslugerð, umsagnir, uppbygging bókasafns, útgáfa ritraðar og uppbygging og viðhald heimasíðu. Árið 2011 var einnig þriðja árið sem skrifstofan hafði með höndum umsjón með verkefnum styrktum af PROGRESS- sem er áætlun Evrópusambandsins um atvinnu og félagslega samstöðu. Árið 2012 verður fjórða árið sem umsjón PROGRESS verkefna verður á ábyrgð skrifstofunnar.

Meginþættir starfs skrifstofunnar fyrir utan hefðbundin verkefni á árinu 2011 voru útgáfa ritsins Mannréttindi í þrengingum í samvinnu við Háskólann á Akureyri og skipulagning málþings í tengslum við það, auglýsingaherferð í útvarpi til að vekja fólk til vitundar og umhugsunar um mismunun og þá hópa í samfélaginu sem einkum eiga á hættu að verða mismunandi, s.s. fatlaða, innflytjendur, samkynhneigða o.fl. Skrifstofan átti enn fremur aðild að ráðstefnu um réttindaskrá ESB og áhrif Lissabon-sáttmálans með Mannréttindastofnun HÍ og lagadeild HR í samvinnu við framkvæmdastjórn ESB/TAIEX og málþingi um réttinn til að mótmæla sem landsnefnd Menningarmálastofn-

unar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) stóð fyrir. Í október hélt skrifstofan námskeið fyrir frjáls félagasamtök, launþegahreyfingar o.fl. þar sem fjallað var m.a. um hlutverk þeirra í baráttu gegn mismunun á grundvelli ESB tilskipana er banna mismunun vegna kynþáttar, þjóðernis, aldurs, fötlunar, kynhneigðar og trúar eða annarra lífsskoðana. Enn fremur var boðað til morgunverðarfundar um mismunun og umfjöllun fjölmiðla um minnihlutahópa í samvinnu við Bláðamannafélag Íslands.

Að vanda var unninn fjöldi umsagna um lagafrumvörp, fyrirlestrahald var nokkuð, m.a. í Póllandi og vinna við ritröð var töluverð, þ.e. að uppfærslu skýrslu um réttindi transgender fólks og rits um réttindi aldraðra. Í samstarfi við Fjölmenningssetur var unnin skýrsla fyrir ECRI, nefnd Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum en hún heimsótti Ísland í apríl 2011. Einnig skilaði skrifstofan skýrslu vegna UPR (Universal Periodic Review), til skrifstofu Mannréttindafulltrúa Sp og skýrslu til Mannréttindanefndar Sp vegna alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi. Skrifstofan svaraði á tímabilinu erindum frá skrifstofu mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins, frá ýmsum alþjóðlegum samtökum og aðilum er starfa að mannréttindum erlendis og héraðis, frá sendiráðum Bandaríkjanna og Frakklands á Íslandi og almenningi. Enn fremur hefur MRSÍ skapað sér virðingu og traust fjölmiðla og er leitað til hennar þegar mannréttindamál eru til umfjöllunar. Áfram var unnið að uppbyggingu heimasíðu og vefseturs um mannréttindi og styrkingu bókasafnsins. Þá fór jafnframt mikil vinna í skipulagningu 16 daga átaks gegn kynbundu ofbeldi og Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti sem hvort tveggja tókst afar vel. Skrifstofan sinnti einnig lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur, á þjónustumiðstöðum Miðborgar og Hlíða, í Mjódd og á skrifstofunni eftir undirritun þjónustusamnings við velferðarráðuneyti um lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur. Mannréttindaskrifstofan átti sæti í nefnd um réttarstöðu transfólks og í starfshópi um fyrirkomulag réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Eins og áður, fór mikill tími í umsóknir um styrki. Hins vegar hefur Mannréttindaskrifstofan, frá árinu 2008, fengið 10 milljóna króna styrk frá dómsmála- og mannréttindaráðuneyti (nú innanríkisráðuneyti) sem styrkir mjög við starfsemi skrifstofunnar þó þörf sé viðbótarfjár til að skrifstofan fái sinnt öllum þeim verkefnum sem henni eru ætluð. Einnig hefur skrifstofan gert samstarfssamning við utanríkisráðuneyti sem rennur út í árslok 2012.

AÐILDARFÉLÖG

og stjórn

Aðildarfélag og stjórn

Á aðalfundi 2010 voru tilnefningar til stjórnar og kjörnefndar samþykktar samhljóða. Oddný Mjöll Arnardóttir, aðalfulltrúi Háskólans í Reykjavík var kjörin formaður til tveggja ára. Halldór Gunnarsson, varafulltrúi Proskahjálpar var endurkjörinn varaformaður á aðalfundi 2011 sem og Bjarni Jónsson, aðalfulltrúi Siðmenntar sem gjaldkeri. Í kjörnefnd sitja nú Hugu R. Hjaltadóttir, Anna Ólafsdóttir og Petrína Ásgeirsdóttir. Endurskoðandi skrifstofunnar var kjörin Hjalti Eiríksson hjá Deloitte. Sérfræðingar stjórnarinnar eru sem áður Guðmundur Alfreðsson, Jakob Möller og Hjördís Hákonardóttir.

Aðildarfélag og fulltrúar í stjórn eftir aðalfund voru sem hér segir:

Amnesty International Íslandsdeild:

Aðalfulltrúi: Brynhildur G. Flóvenz

Varafulltrúi: Jóhanna K. Eyjólfsdóttir

Barnaheill:

Aðalfulltrúi: Guðrún Kristinsdóttir

Varafulltrúi: Petrína Ásgeirsdóttir

Biskupsstofa:

Aðalfulltrúi: Steinunn Arnprúður Björnsdóttir

Varafulltrúi: Toshiki Toma

Háskólinn á Akureyri:

Aðalfulltrúi: Ágúst P. Árnason

Varafulltrúi: Dögg Káradóttir

Háskólinn í Reykjavík:

Aðalfulltrúi: Oddný Mjöll Arnardóttir

Varafulltrúi: Guðrún Gauksdóttir

Hjálparstarf kirkjunnar:

Aðalfulltrúi: Anna M. P. Ólafsdóttir

Varafulltrúi: Jónas Þórisson

Jafnréttisstofa:

Aðalfulltrúi: Hugu R. Hjaltadóttir

Varafulltrúi: Tryggvi Hallgrímsson

Kvenréttindafélag Íslands:

Aðalfulltrúi: Ragnhildur Guðmundsdóttir

Varafulltrúi: Anna G. Ólafsdóttir

Rauði krossinn:

Aðalfulltrúi: Sólveig Ólafsdóttir

Varafulltrúi: Kristján Sturluson

Samtökin 78:

Aðalfulltrúi: Anna Jonna Ármannsdóttir

Varafulltrúi: Sigurður Júlíus Guðmundsson

Siðmennt - Félag siðrænna húmanista:

Aðalfulltrúi: Bjarni Jónsson

Varafulltrúi: Hope Knútsson

UN Women á Íslandi:

Aðalfulltrúi: Inga Dóra Pétursdóttir

Varafulltrúi: Ragna Sara Jónsdóttir

Landssamtökin Proskahjálpar:

Aðalfulltrúi: Gerður A. Árnadóttir

Varafulltrúi: Halldór Gunnarsson

Öryrkjabandalag Íslands

Aðalfulltrúi: Guðmundur Magnússon

Varafulltrúi: Lilja Þorgeirsdóttir

FJÁRMÁL

og rekstur

Fjármál

Framlag stjórnvalda var 10 milljónir króna sem veittar voru úr mannréttindasjóði innanríkisráðuneytis. Samstarfssamningur við utanríkisráðuneytið hefur einnig verið skrifstofunni afar mikilvægur sem og styrkur úr PROGRESS-sjóði ESB. Þjónustusamningur við velferðarráðuneyti og samningur við Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar um lögfræðiráðgjöf við innflytjendur komu starfsemi til góða. Kann skrifstofan ofangreindum aðilum, auk annarra þeirra aðila sem veittu skrifstofunni stuðning á árinu, bestu þakkir fyrir.

Starfsmannamál og skrifstofuhald

Framkvæmdastjóri MRSÍ er Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur. Steinunn Björk Bjarkardóttir Pieper MA gegndi fullu starfi fram til júliloka sem verkefnastjóri, en þá fór hún í launalaust leyfi til að sinna friðargæslu í Afganistan. Jóna Aðalheiður Pálmadóttir lögfræðingur sem vann að ýmsum verkefnum fyrir skrifstofuna, bæði endurgjaldslaust og sem verktaki, var ráðin í fullt starf frá 1. ágúst. Um bókhald skrifstofunnar sér Kolbrún Sigríður Hilmarsdóttir, bókari. Að vanda barst fjöldi innlendra og erlendra starfsumsóknna og fyrirspurna um möguleika á starfsþjálfun og vorið 2011 var tekið

á móti Miha Hafner, laganema frá Slóveníu í starfsþjálfun sem og nýútskrifuðum stjórn málafræðingi, Valgerði Björk Pálsdóttur í september. Reyndust þau skrifstofunni í alla staði hinn besti liðauki. Framkvæmdastjóri og stjórn MRSÍ þakkar starfsfólki og aðstoðarfólki einstaklega vel unnin störf á árinu og ánægjulegt samstarf.

Húsnæðismál

Í byrjun september 2010 flutti Mannréttindaskrifstofan starfsemi sína frá Hafnarstræti 20 að Hallveigarstöðum, Túngötu 14. Húsnæðið hentar starfsemi skrifstofunnar að öllu leyti afar vel. Framkvæmdastjóri og starfsfólk hafa nú fengið eigin skrifstofur og þar með betri vinnuástandur, fundaraðstaða hefur batnað til muna, og í fyrsta sinn í starfsemi skrifstofunnar er nú bókasafninu komið fyrir í eigin herbergi á viðunandi máta.

Hallveigarstaðir er sjálfseignarstofnun, sem er í eigu Bandalags Kvenna í Reykjavík, Kvenfélagasambands Íslands og Kvenréttindafélagsins Kvennasamtökin í landinu komu saman árið 1917, þegar Bandalag kvenna í Reykjavík var stofnað, og þá töldu konur nauðsynlegt að koma á laggirnar kvennaheimili fyrir kvennasamtök til að koma saman.



Kvennaheimilið Hallveigarstaðir þar sem Mannréttindaskrifstofa er til húsa við Túngötu 14, 1. hæð í 101 Reykjavík. Bæði staðsetning og aðgengi eru með besta móti og það fer mjög vel um starfsmenn skrifstofunnar enda húsnæðið rúmgott og bjart.

Hallveigarstaðir eru fyrst og fremst aðsetur kvennasamtaka í landinu en að öðru leyti til styrktar menningar- og mannúð-arstarfssemi, sem kvennasamtök þau er að eigninni standa, gangast fyrir.

Bókasafnið

Frá stofnun MRSÍ hefur verið unnið að uppbyggingu sér-hæfðs bókasafns með fræðibókum, kennslufni og tíma-ritum um mannréttindamál, en skrifstofan er áskrifandi að Human Rights Quarterly og greinasöfnunum Hein-on-Line og Questia. Ekkert annað slíkt bókasafn er til á Íslandi en mikið er leitað til skrifstofunnar af sérfræðingum, nemendum og kennurum sem og almenningi eftir efni um mannréttinda-mál.

Eins og áður segir hefur aðstaða bókasafnsins batnað til muna í nýju húsnæði en því hefur verið úbúin séraðstaða með skrifborði og hún er öllum opin. Á heimasíðu skrifstof-unnar má finna leitarvél frá Gegni sem leitar einungis innan bókasafns MRSÍ.

Heimasíða og vefsetur um mannréttindi

Til að auðvelda aðgengi að upplýsingum um mannréttinda-mál hefur um nokkurt skeið verið unnið að endurbótum á heimasíðu skrifstofunnar og söfnun gagna í umfangsmikinn

gagnvirkan gagnagrunn um mannréttindamál á Íslandi og erlendis.

Glæsileg heimasíða skrifstofunnar er sífellt að stækka í sniðum en þar er að finna vefsetur um mannréttindi sem inniheldur m.a.: a) greinar um ýmsa þætti mannréttinda, b) greinar um ákveðna hópa og réttindi þeirra s.s. konur og börn, c) skýrslur til nefnda og ráðuneyta, d) innlend lög og helstu alþjóðasamninga, e) efni frá Sameinuðu þjóðunum, f) dóma alþjóðlegra mannréttindadómstóla o.fl.

Þá er að finna á síðunni efni úr alþjóðlega rannsóknar-verkefni Human Rights Education Project (HREP) auk almennra upplýsinga um mannréttindi á Íslandi.

Uppsetningu vefseturs um mannréttindi, Mannréttindi og Ísland, sem styrkt var af Reykjavíkurdæild Rauða krossins, er lokið og er það uppfært reglulega.

Á heimasíðunni er einnig að finna upplýsingasíður skrif- stofunnar um 16 daga átak gegn kynbundu ofbeldi, Evr- ópuviku gegn kynþáttamisrétti, Progress-verkefni ársins, Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, Kvennasátt- málann, vefleikinn Flóttá og Takk-herferðina.

Ritið Bann við mismunun sem styrkt var af PROGRESS- áætlun Evrópusambandsins er að finna á sérstökum vef á heimasíðu skrifstofunnar: <http://www.humanrights.is/bann-vid-mismunun>. Þá er ritið Mannréttindi í þrengingum einnig aðgengilegt á heimasíðunni: www.humanrights.is/media/vidburdir/Mannrettindi-i-threngingum-Bok.pdf

Bókasafn Mannréttindaskrifstofu er aðgengilegt á skrifstofunni á Hallveigarstöðum. Á bókasafninu má fá lánaðar bækur og einnig býður aðstaðan upp á skrifborð og stól þar sem hægt er að fá náms – og lestrarnæði.



STARFSEMIN

innanlands

Aðstoð og upplýsingagjöf

Að vanda var mikið leitað til skrifstofunnar af einstaklingum, nemum og stofnunum eftir upplýsingum um mannréttindamál. Framkvæmdastjóri og starfsmenn aðstoðuðu eftir föngum en þar sem, auk framkvæmdastjóra, var aðeins einn starfsmaður á skrifstofunni í lok árs hefur reynt æ erfiðara um vik að sinna þessum erindum svo vel sé.

Umsagnir um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur

- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 401 – 334. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um rannsóknarnefndir, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 426 – 348. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1252 – 728. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1225 – 706. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1307 – 755. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og

umgengni), 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1374 – 778. mál.

- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, með síðari breytingum (mansal), 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 1389 – 785. mál.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um forvirkar rannsóknarheimildir lögreglu. 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 26 – 26. mál.
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, 42. mál, (veiting ríkisborgararéttar).
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslenskan ríkisborgararétt, 135. mál, (biðtími vegna refsinga).
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/2011 um réttindagæslu fatlaðs fólks (ráðstafanir til að draga úr nauðung í vinnu með fötluðu fólki).
- Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skráð trúfélög, nr. 108/1999, með síðari breytingum.
- Umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglu-bundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 140. löggjafarþing 2011 -2012. Þingskjal nr. 21 – 21. mál.



Mannréttindaskrifstofan gerði umsagnir um fjölda lagafrumvarpa og árinu og átti fund með þingnefndum til að fylgja umsögnunum eftir.

Samráðsfundir með stjórnvöldum

Framkvæmdastjóri er fulltrúi Mannréttindaskrifstofu í teymi um málefni innflytjenda, sem er samráðsvettvangur stofnana ríkis og sveitarfélaga, fyrirtækja og frjálsra félagasamtaka sem vinna að málefnum innflytjenda. Hún gegndi einnig 30% starfi hjá Reykjavíkurborg sem ráðgjafi fyrir innflytjendur. Framkvæmdastjóri átti einnig sæti í vinnuhópi Velferðarvaktarinnar sem skoðaði stöðu þeirra sem höllum fæti stóðu fyrir hrún, s.s. ákveðins hóps innflytjenda, öryrkja, ellilífeyrisþega og einstæðra foreldra. Framkvæmdastjóri situr einnig í samningahópi um dóms- og innanríkismál en hlutverk hennar er að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB að því er varðar kafla 23 (Réttarvarsla og grundvallarréttindi) og 24 (Dóms- og innanríkismál). Hópurinn skal vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur.

Framkvæmdastjóri sat í nefnd um réttindi transfólks, sem skipuð var af velferðarráðherra og vann að gerð frumvarps um réttindi einstaklinga með kynáttunarvanda.

Framkvæmdastjóri var einnig skipuð í starfshóp um fyrirkomulag réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Framkvæmdastjóri var einnig boðuð á fund nefndar á vegum innanríkisráðuneytis um málefni innflytjenda frá ríkjum utan EES, til að miðla reynslu sinni og leggja til úrbætur í málum þessa hóps.

Ráðstefnur og námskeið

Ráðstefna um réttindaskrá ESB og áhrif Lissabon-sáttmálans

Í lok janúar skipulögðu Mannréttindastofnun HÍ, lagadeild HR og Mannréttindaskrifstofa Íslands ráðstefnu í samvinnu við framkvæmdastjórn ESB/TAIEX um réttindaskrá Evrópusambandsins og áhrif Lissabon-sáttmálans. Ráðstefnan

nefndist *The Charter of Fundamental Rights and the EU under the Lisbon Treaty: Towards Enhanced Human Rights Protection*.

Jafnréttisþing

Undanfarin ár hafa Jafnréttisráð og Velferðarráðuneytið staðið að jafnréttisþingi sem fór fram að þessu sinni þann 4. febrúar. Hlutverk þingsins var að efna til samræðu milli stjórnvalda og þjóðar um kynjajafnrétti og gefa öllum áhugasömum kost á að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda í jafnréttismálum. Fjallað var um hinar fjölmörgu hliðar jafnréttisbaráttunnar, svo sem kynbundið ofbeldi og mansal, jafnrétti og stjórnarskrá, Evrópusambandið og íslenskt jafnrétti, framlag karla til jafnréttisbaráttunnar, kynin og fjölmiðlana og áhrif efnahagssumrótsins á starf og fjölskyldulíf. Framkvæmdastjóri MRSÍ stjórnað málstofunni *Þekking og Þor: Til aðgerða gegn kynbundnu ofbeldi*.

Málþing um réttinn til að mótmæla

Á alþjóðlegum degi tjáningsafreisis, þann 3. maí stóð landsnefnd Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) í samráði við Blaðamannafélag Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir málþingingu *Guli borðinn – rétturinn til að mótmæla*. Markmiðið með málþinginu var að efna til gagnrýnnar og uppbyggilegrar umræðu um mótmælaréttinn.

Málþing í tilefni útgáfu bókarinnar Mannréttindi í þrengingum

Föstudaginn 20. maí 2011 var útgáfu bókarinnar *Mannréttindi í þrengingum – Efnahagsleg og félagsleg réttindi í kreppunni* eftir Aðalheiði Ámundadóttur og Rachael

Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu kynnir hér nýútkomna bók *Mannréttindi í þrengingum – Efnahagsleg og félagsleg réttindi í kreppunni* á málþingi í Háskólanum á Akureyri. Höfundar bókarinnar eru Aðalheiður Ámundadóttur og Rachael Lorna Johnstone og gaf Mannréttindaskrifstofan bókina út ásamt Háskólanum á Akureyri.





Merki Evrópuvikkunnar gegn kynþáttamisrétti var hannað af Agli Rúnari Viðarssyni, nemanda við LHÍ. Það var prentað á boli, bæklinga, póstkort og barmmerki.

Lorna Johnstone fagnað með málþingi undir sama nafni og var það haldið í Háskólanum á Akureyri. Tilgangur bókarinnar er að upplýsa bæði stjórnvöld og almenning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og nauðsyn þess að þau séu virt bæði þegar vel árar og ekki síður á erfiðum samdráttarskeiðum. Í bókinni er bent á leiðir til að tryggja þessi mikilvægu mannréttindi í erfiðu árferði. Mannréttindaskrifstofan og Háskólinn á Akureyri gáfu út bókina í sameiningu. Á heimasíðu skrifstofunnar er sérvefur þar sem hægt er að nálgast bókina sem pdf-skjal: <http://www.humanrights.is/mannrettindi-i-threngingum>.

Framkvæmdastjóri með fræðslu á alþjóðlegu námskeiði í Póllandi

Alþjóðlegt námskeið um mannréttindi fyrir kennara og starfsmenn mannréttindasamtaka sem vinna með ungu fólki – *Youth in Action: Think! Act! Protect!* – var haldið haldið í Wrocław, Póllandi 25.-30. maí. Framkvæmdastjóri MRSÍ var með fræðslu um kynjajafnrétti og mismunun. Námskeiðið var fjölmennt og áhugavert, og tókst vel til með fræðslu þátttakenda.

Framkvæmdastjóri til Barcelona á World Justice Forum III

Framkvæmdastjóri MRSÍ fór til Barcelona á ráðstefnu, World Justice Forum III sem haldin var 20.-23. Júní. Um það bil 400 manns frá 100 löndum var boðið þangað og voru allir þátttakendur valdir sérstaklega. Þetta var í þriðja sinn sem þetta þing var haldið og the World Justice Project (TWJP) sem stofnað var af bandaríska lögmannafélaginu, American Bar Association, heldur þingið. Stuðningsaðilar WJP eru margir, m.a. Bill Gates. Réttarríkið var í brennidepli á þinginu út frá ýmsum sjónarhornum t.d. jafnrétti kynja, réttlátri málsmeðferð, persónufrelsi, mansali o.fl.

Framkvæmdastjóri til London vegna Daphne III verkefnis

Framkvæmdastjóra MRSÍ var boðið til London í byrjun september sem ráðgefandi sérfræðingi í verkefni sem stutt er af Daphne III og lýtur að samanburðarrannsóknnum milli nokkurra landa á aðgerðaáætlunum stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi og málsmeðferð og verklagi m.a. í málum varðandi illa meðferð á börnum, ofbeldi í nánnum samböndum o.fl. Þátttakendur voru m.a. frá Hollandi, Ítalíu, Danmörku og Þýskalandi.

Framkvæmdastjóri til Feneyja á árlega COST/AHRI ráðstefnu

Dagana 25.-27. september fór framkvæmdastjóri MRSÍ til Feneyja á árlega ráðstefnu COST AHRI. Yfirskrift þessa árs var *Hlutverk ESB varðandi umbætur í mannréttindamálum*. AHRI eru samtök þjóðbundinna mannréttindastofnana og COST er rammaáætlun fyrir samvinnu í Evrópu á sviði vísinda og tækni og veitir styrki til rannsókna á evrópskum vettvangi.

Námskeið um jafnrétti og bann við mismunun

Þann 21. október hélt MRSÍ námskeið fyrir frjáls félagasamtök, opinberar stofnanir og launþegahreyfingar þar sem fjallað var m.a. um hlutverk þeirra í baráttu gegn mismunun á grundvelli ESB tilskipana er banna mismunun vegna kynþáttar, þjóðernis, aldurs, fötlunar, kynhneigðar og trúar eða annarra lífsskoðana. Námskeiðið er hluti Evrópuverkefnisins *Námskeið um jafnrétti og bann við mismunun fyrir frjáls félagasamtök* – VT/2010/007. Verkefnið er unnið í 32 Evrópulöndum (aðildarríkjum ESB, EES/EFTA Liechtenstein, Noregi og Íslandi), ríkjum sem sótt hafa um aðild að ESB (Tyrklandi, Makedóníu og Króatíu) og Serbíu sem tilvonandi umsóknarríki.

Markmið verkefnisins er að styrkja starf félagasamtaka sem vinna að jafnréttismálum með því að þróa fyrir þau sérstakt kennsluefni og halda námskeið um jafnrétti og bann við mismunun í öllum þátttökulöndunum.

Málstofa um Mannréttindi í þrengingum

Í framhaldi af málþingi sem haldið var á Akureyri í tilefni af útgáfu bókarinnar *Mannréttindi í þrengingum* var haldin málstofa í Reykjavík þann 28. október þar sem fjallað var um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi á þverfaglegum nótum. Erindi fluttu höfundar bókarinnar, Rachael Lorna Johnstone og Aðalheiður Ámundadóttir ásamt Vilborgu Oddsdóttur, félagsráðgjafa hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.

Fundir og viðburðir

Alþjóðabaráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti

Þriðjudaginn 8. mars var skipulögð dagskrá í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur í tilefni af alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti. Menningar- og friðarsamtökin MFÍK eru aðalskipuleggjendur alþjóðadagsins sem fagnaði 100 ára afmæli 2011, en að deginum standa fjölmörg önnur samtök, þ.á.m. Mannréttindaskrifstofan. Frú Vigdís Finnbogadóttir ávarpaði samkomuna í upphafi fundar og mörg áhugaverð erindi voru flutt, m.a. um konur í stríði og friði (Fatima Khua), hið ofbeldisfulla afstöðuleysi (Katrín Oddsdóttir), og einnig var samkomugestum sýnt vídeóinnslag eftir Hörpu Stefánsdóttur um 8. mars hátíðarhöld í Mamadur á Indlandi en þar var Harpa sjálfboðaliði árið 2010. Ellen Kristjánsdóttir söng í tilefni dagsins og fundarstjóri var Kolbrún Halldórsdóttir.

Málþing 8. mars

Einnig þann 8.mars stóðu launþegahreyfingin, Jafnréttisstofa og Jafnréttisráð fyrir málþingi *Staða konunnar er laus til umsóknar - Jafnrétti úr viðjum vanans!* Þar flutti framkvæmdastjóri MRSÍ erindi um löggjöf um mismunun og margþætta mismunun.

Ísland tekið fyrir hjá Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf

Fulltrúi Mannréttindaskrifstofu Íslands, fulltrúi UNICEF á Íslandi og umboðsmaður barna voru viðstödd fyrirtöku Íslands hjá Barnaréttarnefndinni þann 23. september. Fundurinn stóð allan daginn og lagði sérfræðinganefndin fjölda spurninga fyrir íslensku sendinefndina sem henni gafst tóm til að svara síðar um daginn. Spurningarnar lutu að hinum ýmsu málefnum barna allt frá brjóstgjöf til verndar barna gegn ofbeldi. Sendinefndina skipuðu fulltrúar frá innanríkis-, mennta og menningarmála- og velferðarráðuneytum ásamt fulltrúa frá Barnaverndarstofu. Fundurinn var mjög áhuga-verður og var Íslandi hrósað fyrir uppbyggilegan og góðan fund.

Fundur um niðurstöður barnaréttarnefndar S.þ

Þann 17. nóvember var haldinn fundur í Kornhlöðunni þar sem sendinefnd Íslands kynnti undirbúning og framkvæmd fyrir-töku Íslands hjá mannréttindaráði Sþ (UPR) auk þess sem hún kynnti helstu niðurstöður barnaréttarnefndarinnar. Þar fjallaði framkvæmdastjóri MRSÍ, ásamt öðrum fulltrúum frjálsra félagasamtaka sem unnu skuggaskýrslur vegna skýrslu Íslands til barnaréttarnefndarinnar, um framkvæmd sáttmálans á Íslandi og það sem betur mætti fara.

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti fór fram 14.-27. mars og er þátttaka Íslands orðin árviss viðburður. Mannréttindaskrifstofan hélt utan um Evrópuvikuna 2011 sem fyrri ár og skipulagði viðburði ásamt leiðbeinendum og krökkum úr deildum Rauða kross Íslands, Æskulýðsstarfi Þjóðkirkjunnar, Alþjóðatorgi ungmenna og ÍTR. Þema ársins var *Rasisti! Ekki ég! Er það ... ?* og var áhersla lögð á að hver og einn horfi inn



Þátttakendur í Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti hittust í Salaskóla fyrir aðalviðburðinn í Smáralind og bjuggu til kynningarefni til að vekja athygli á rasisma.



Ljósaganga UN Women er orðin að föstum dagskrálið í 16 daga átakinu gegn kynbundnu ofbeldi. Mannréttindaskrifstofan er aðalskipuleggjandi átaksins.

á við og takist á við þá fordóma sem þar finnast. Það kom mörgum á óvart að hverju þau komust um sig sjálf og fengu tækifæri til að læra að það er aldrei of seint að breyta sér til hins betra, ef þess þarf.

Evrópuviku-átakinu var ýtt úr vör með hönnunarsamkeppni um merki sem passaði við þema ársins. Þátttakendur voru m.a. nemendur úr LHÍ og vinningshafinn var Egill Rúnar Viðarsson, nemandi við skólann.

Bryddað var upp á þeirri nýjung að halda smiðjur á undan viðburðunum sjálfum og hópurinn fékk leyfi til að verja laugardeginum 12. mars í Salaskóla í Kópavogi. Boðið var upp á leiklistarsmiðju, trúðasmíðju, listasmíðju og mannréttindasmíðju, og gátu ungmennin valið sér 3 smiðjur hvert til að taka þátt í. Allar höfðu þær það sameiginlegt að vinna með þema Evrópuvinnar í ár og undirbúa þátttakendur fyrir viðburðinn fimmtudeginum eftir.

Fimmtudaginn 17. mars voru síðan haldnir viðburðir í Smáralind í Kópavogi fyrir höfuðborgarsvæðið, við Bónus á Akranesi og á Glerártorgi á Akureyri. Þar komu krakkarnir saman til að deila því sem þau höfðu lært með gestum og gangandi. Þau dreifðu barmmerkjum með merki vinnar og sælgæti til fólks sem þau hittu, og einnig kortum og bæklingum með upplýsingum um kynþáttamisrétti.

Fjöldi skemmtiatriða var í boði. Í Smáralind sáu sjálfboðaliðar frá RKÍ-Kópavogi og nemendur í MK, um kynningu á Evrópuvinnu og dagskránni, en hún hófst á því að framkvæmdastjóri MRSÍ veitti Agli Rúnari Viðarssyni verðlaun fyrir vinningstillögu hans í merkjasamkeppninni. Skemmtiatriðin voru úr ýmsum áttum – atriði úr Mamma Mia frá Menntaskólanum í Kópavogi, leikrit um mismunun sem Leikfélagið Ævintýrabörn bæði samdi og lék, dansarar úr

Dansþróttafélagi Hafnarfjarðar og að lokum söngvarinn Friðrik Dór en hann lauk dagskránni við góðar undirtektir viðstaddra. Lífandi bókasafn á vegum Alþjóðatorgs ungmenna var á staðnum með „bókasafns“þjónustu sína, og einnig var gestum Smáralindar boðið að taka þátt í leikjum og gerð listaverka.

Á Glerártorgi komu unglingar frá unglingadeild Hjálpræðishersins, ÆFAK, Adrenalín gegn rasisma og Breytendur sem tróðu upp með söng og leik, röltu um torgið og dreifðu bæklingum, barmmerkjum og sælgæti á meðan þau spjölluðu við fólk um fordóma.

Á Akranesi hittust krakkarnir fyrir utan Bónus og dreifðu kortum, bæklingum o.s.frv., en einnig buðu þau fólki að losa sig við fordóma sína á táknrænan hátt, henda fordómum með því að krumpa saman blað og henda því í ruslafötu sem þau höfðu meðferðis.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Líkt og undanfarin ár tók Mannréttindaskrifstofa þátt í skipulagningu og framkvæmd 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi. Þema ársins í ár var ofbeldi gegn konum í stríði og *Heimilisfriður - heimsfriður* (From peace in the home to peace in the world). Meðskipuleggjendur átaksins þetta árið voru UN Women, Femínistafélag Íslands, Kvenréttindafélag Íslands, Kvennaathvarfið, Barnaheill, Stígamót, Kvenfélagssamband Íslands, Jafnréttisstofa og RKÍ.

Fréttablaðið og visir.is birtu greinar um kynbundið ofbeldi alla 16 daga átaksins frá þeim greinarhöfundum sem Mannréttindaskrifstofa hafði leitað til. Ýmsir viðburðir voru skipulagðir sem allir áttu sér stað á þessum 16 dögum, sem dæmi má nefna Ljósagöngu að Sólfarinu, Bíósýningu í Bíó

Paradís þar sem sýnd var myndin Pray the Devil Back to Hell sem fjallar um friðarhreyfingu kvenna í Líberíu, bókaupplestur, morgunverðarfund UN Women og jafnréttisverðlaunaafhendingu Stígamóta.

Auglýsingaherferð gegn mismunun

Í lok október og byrjun nóvember var auglýsingaherferð Mannréttindaskrifstofu frá 2010 endurtekin. Auglýsingunum var ætlað að hreyfa við fólk og vekja það til umhugsunar um mismunun. Bætt var við tveimur nýjum auglýsingum sem spilaðar voru ásamt þeim frá fyrra ári. Auglýsingarnar líktust dæmigerðum lesnum auglýsingum í útvarspmiðlum sem þjóðin treystir og enduðu á orðunum; *Mismunun er staðreynd - berjumst gegn henni og fögnum fjölbreytni. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Progress áætluin*. Viðbrögðin við auglýsingunum voru góð og ljóst að þær vekja fólk til umhugsunar um þörf málefni.

Önnur samstarfsverkefni

Allar heimsins konur

Mannréttindaskrifstofan tekur þátt í verkefnum hóps sem kallast Allar heimsins konur. Hópurinn samanstendur af konum frá ýmsum stofnunum og samtökum og vinnur að því að deila upplýsingum og þekkingu á stöðu erlendra kvenna í íslensku samfélagi og að auka gagnkvæma aðlögun. Í hópnum sitja m.a. fulltrúar frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, Þjónustumiðstöð

Miðborgar og Hlíða, verkalyðshreyfingunni og Samtökum kvenna af erlendum uppruna (WOMEN).

Samstarfshópur varðandi réttarstöðu örorkulífeyrisþega sem búið hafa erlendis um endurhæfingarlífeyri o.fl.

Örorkulífeyrisþegar leita í auknum mæli til Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ), réttindagæslumanna, Halló Norðurlanda og sveitarfélaga sökum þess að örorkugreiðslur almannatrygginga eru skertar vegna búsetu erlendis á einhverju tímabili starfsævinnar. Einnig geta einstaklingar, sem búsettir hafa verið erlendis, lent í þeirri stöðu að fá eingöngu skertan endurhæfingarlífeyri á Íslandi og engar greiðslur erlendis frá þar sem endurhæfingarlífeyrir er ekki greiddur úr landi. Enn fremur hefur fötluðum einstaklingum frá EES löndum verið synjað um örorkubætur hér á landi þar sem örorkan var til komin áður en þeir fluttu til landsins og virðast þeir ekki einu sinni taldir eiga rétt á hlutfallslegum bótum eftir þriggja ára búsetu á landinu eins og borgarar utan EES. ÖBÍ leitaði til MRSÍ, Halló Norðurlanda, réttindagæslumanna fatlaðra fyrir Reykjavík og Seltjarnarnes og Sambands Sveitarfélaga og hefur hópur þessi hist reglulega til að kynna sér stöðu þessara einstaklinga og knýja á um úrbætur.

Framlag til funda og málstofa

Óskað var eftir að framkvæmdastjóri sæi um fundarstjórn á ýmsum fundum á árinu.

- Málstofa um efni ritisins *Mannréttindi í þrengingum*.



Aðalviðburður Evrópuvikkunnar var í Smáralind en þar söfnuðust ungmenni saman og dreifðu bæklingum með upplýsingum um kynþáttamisrétti.



- Málstofa *Integration Debate* sem haldin var þann 15. nóvember á ráðstefnunni *Integration and Immigrants' Participation* sem var styrkt af PROGRESS og þar voru m.a. kynntar niðurstöður rannsókna á þátttöku innflytjenda í íslensku þjóðfélagi og á vinnumarkaði í kreppunni.
- Pallborðsumræður á málstofu sem Lagadeild HR hélt um gerð nýrrar stjórnarskrár, sem stjórnlagaráð lagði fyrir Alþingi 2011.

Mannréttindafræðsla

Mannréttindaskrifstofan sinnti ýmis konar fræðslu um mannréttindi svo sem verið hefur. Meðal annars voru haldnir fyrirlestrar fyrir nemendur í félagsráðgjöf sem sóttu skrifstofuna heim. Einnig var haldinn fyrirlestur um innflytjendamála og mannréttindi fyrir nema hjá Endurmenntun HÍ og starfsmönnum velferðarráðuneytis og RKÍ veitt fræðsla um mismununartilskipanir ESB. Auk þessa var ýmsum aðilum og hópum veitt fræðsla um lagaumhverfi og málefni innflytjenda, t.d. Fjölmeningarráði Reykjavíkur sem og hópum innflytjenda í íslenskunámi hjá Múltí Kúltí.

Mannréttindakennsluefni

[Human Rights Reference Handbook](#)

Eitt af markmiðum Mannréttindaskrifstofunnar er að stuðla að útgáfu og dreifingu kennsluefnis um mannréttindi. Þýðingarsjóður og dómsmálaráðuneyti veittu MRSÍ styrk til að

þýða og staðfæra hluta bókarinnar *Human Rights Reference Handbook* sem gefin var út af ríkisstjórn Hollands og Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna. Bókin hefur verið notuð til kennslu í háskólanum í Utrecht og er hentug fyrir fagaðila, framhaldsskóla, félagasamtök og háskólastofnanir.

[Vefleikurinn *Against all Odds - Flótti*](#)

Rannsóknir sýna að vaxandi fordóma gætir hjá ungu fólki gagnvart flóttamönnum, hælisleitendum, og útlendingum almennt, og því er brýnt að ungmenni fái fræðslu um hvað felist í því að fá stöðu flóttamanns, aðra menningarheima og þær aðstæður sem fólk er helst að flýja í heimalandinu.

Mannréttindaskrifstofan og Rauði kross Íslands, í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, létu þýða vefleikinn *Against All Odds* árið 2007, en hann hefur nú verið þýddur á fjölda tungumála. Leikurinn hefur hvarvetna vakið mikla athygli en t.d. spiluðu meira en 45.000 manns hann fyrstu tvær vikurnar eftir að þýskri útgáfu hans var hleypt af stokkunum. Leikurinn, sem fengið hefur nafnið *Flótti* á íslensku, er ætlaður ungmönnum á aldrinum 13–16 ára og veitir þeim sýn inn í veruleika flóttamanna og þá lífsbaráttu sem þeir þurfa að heyja í heimalandi sínu, á flótta og við að aðlagast nýju samfélagi. Leikurinn er því ekki einungis gagnlegur til fræðslu um flóttamenn heldur einnig í almennri mannréttinda- og fjölmeningarkennslu.

Flótta er skipt í þrjá hluta. Í fyrsta hluta setur leikmaðurinn sig í spor flóttamannsins með því að spila gagnvirkan



Lagadeild HR stóð fyrir málstofu um gerð nýrrar stjórnarskrár sem stjórnlagaráð lagði fyrir Alþingi á árinu. Aðalræðuefni fundarins var mannréttindakafliinn. Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Mannréttindaskrifstofu sátu í pallborði.

tölvuleik. Í öðrum hluta er hægt að skoða fróðleg viðtöl og greinar um mannréttindi og málefni tengd flóttamönnum. Þriðji hlutinn er kennarahandbók þar sem má nálgast verkefni tengd leiknum. Í lok leiksins getur leikmaðurinn síðan prófað vitneskju sína með því að taka stutt þekkingarpróf.

Útgefið efni

Mannréttindi í þrengingum

Samningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi var fullgiltur af Alþingi þann 22. ágúst 1979. Samningurinn er bindandi fyrir íslenska ríkið og leggur tafarlausr skyldur á herðar þess, meðal annars til að tryggja öllum menntun, heilbrigðisþjónustu og félagslegt öryggi. Hin djúpa efnahagslægd sem fylgdi í kjölfar hruns bankanna haustið 2008 hefur orsakað aukið atvinnuleysi, erfiða og aukna skuldabyrði og hækkun vöruverðs sem veldur því að fólk á erfiðara með að tryggja rétt sinn til atvinnu, sómasamlegs lífsviðurværis, og félagslegs öryggis. Á sama tíma veldur efnahagssamdrátturinn því að hagræða þarf og skera niður í mennta-, heilbrigðis- og velferðarkerfinu.

Tilgangur bókarinnar er að upplýsa bæði stjórnvöld og almenning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og nauðsyn þess að þau séu virt bæði þegar vel árar og ekki síður á erfiðum samdráttarskeiðum. Í bókinni er bent á leiðir til að tryggja þessi mikilvægu mannréttindi í erfiðu ár-

ferði. Fjallað er sérstaklega um réttindi tengd vinnu, rétt til félagslegs öryggis og menntunar, en þær áherslur sem byggð er á eiga jafnt við um öll efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Bókina má nálgast á skrifstofunni eða á heimasíðu skrifstofunnar: <http://www.humanrights.is/media/vidburdir/Mannrettindi-i-threngingum-Bok.pdf>

Fjölmiðlar og opinber umræða

Að venju leituðu fjölmiðlar talsvert til Mannréttindaskrifstofu vegna mannréttindamála og framkvæmdastjóri skrifaði greinar í dagblöð til að vekja athygli á mannréttindamálum. Framkvæmdastjóri veitti m.a. viðtal um stöðu erlendra kvenna á Íslandi, innflytjenda – og hælisleitenda mál o.fl.

Styrkir til rannsókna og fleira

PROGRESS

Mannréttindaskrifstofan hélt utan um styrkt verkefni PROGRESS-áætlunar ESB fyrir árin 2010-2011 á Íslandi, og var það í þriðja sinn sem skrifstofan tekur það að sér. Meginmarkmið áætlunarinnar er að veita fjármagn til verkefna sem stuðla að því að markmiðum Evrópusambandsins á sviði jafnréttis-, félags- og vinnumála, sem tilgreind eru í Lissabon-áætluninni, verði náð.

Velferðarráðuneytið hefur umsjón með PROGRESS hér-

Mannréttindaskrifstofa gaf út bókina *Mannréttindi í þrengingum* í samstarfi við Háskólann á Akureyri en hún fjallar um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi í kreppunni. Höfundar bókarinnar eru Rachel Lorna Johnstone og Aðalheiður Ámundadóttir og fæst hún ókeypis á skrifstofunni.





Mannréttindaskrifstofan stóð fyrir bíósýningu á myndinni *Pray the Devil Back to Hell* í tilefni 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi. Heimildamyndin fjallar um hugrakkar konur frá Líberíu sem mótmæltu ástandinu í hinu stríðshrjáða landi og kröfðust friðar.

lendis. Markmið Lissabon-áætlunarinnar er að: auka samkeppnishæfni evrópsks vinnumarkaðar, með áherslu á þekkingariðnað, að skapa fleiri og betri störf innan Evrópu, og stuðla að samfélagi án mismunar.

Áætlunin skiptist í fimm svið: Atvinnumál, vinnuvernd, stuðning við markmið um félagslega velferð og aukna þátttöku jaðarhópa í samfélagi, jafnrétti kynjanna og aðgerðir sem vinna gegn mismunun og stuðla að samfélagi án aðgreiningar. Markmið verkefnisins er að stuðla að fjölbreytileika samfélagsins í heild með sérstaka áherslu á að vinna gegn mismunun vegna aldurs, kynhneigðar, trúar, uppruna, kynþáttar eða fötlunar. PROGRESS-áætlunin styrkir m.a. rannsóknir, alþjóðleg samstafsverkefni, verkefni sem stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu, félagasamtök og stofnanir og fyrirmyndarverkefni. Verkefni PROGRESS stuðla að framkvæmd tveggja tilskipana ESB: 2000/43/EB um jafna meðferð án tillits til kynþáttar eða þjóðernisuppruna og 2000/78/EB þar sem fjallað er um jafna meðferð launþega og starfsmanna. Styrkt verkefni fyrir árið 2011 voru fjölbreytt, t.d. verðlaunasamkeppni um merki Evrópuviku gegn rasisma, jafningjafræðsla fyrir grunnskólabörn um mismunun og stöðu fatlaðra, innflytjenda, samkynhneigðra, þeirra sem tilheyra öðrum trúfélögum eða lífsskoðunarfélögum en Þjóðkirkjunni o.fl., útvarpsauglýsingaherferð, námskeið um mismunun fyrir fjölmíðla, aðgerðir á vegum sveitarfélaga til að vinna að gagnkvæmri aðlögun, ráðstefnur, rannsóknir, jafningjafræðsla um samning Sp um réttindi fatlaðra og skýrslugerð.

Mannréttindi í þrengingum

Mannréttindaskrifstofan fékk styrk frá innanríkisráðuneyti til útgáfu ritsins *Mannréttindi í þrengingum* sem gefið var út á vordögum 2011 í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Höfundar þess eru Aðalheiður Ámundadóttir meistaraneimi í lögfræði og Rachael Lorna Johnstone dósent við lagadeild Háskólans á Akureyri.

Ritið fjallar einkum um skuldbindingar Íslands samkvæmt Alþjóðasamningi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og afdrif þeirra réttinda í efnahagskreppunni.

Réttarstaða transgender fólks á Íslandi

Sandra Lyngdorf, Kolbrún Birna Árdal, Erna Sif Jónsdóttir og Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri MRSÍ, hófu rannsókn á réttarstöðu transgender fólks á Íslandi árið 2007. Rannsókninni var ætlað að greina hvaða örðugleika transgender fólk glímur við á Íslandi og koma með tillögur að umbótum, einkum hvað varðar löggjöf. Velferðaráðuneytið veitti MRSÍ styrk til útgáfu og frágang skýrslunnar og sá Jóna Aðalheiður Pálmadóttir lögfræðingur um að uppfæra skýrsluna sem koma á út fyrri hluta ársins 2012.

Grundtvig-Enhancing Legal Literacy Network

Mannréttindaskrifstofan tekur þátt í Grundtvig verkefni-Enhancing Legal Literacy Network sem miðar að því að stofnanir og samtök, sem vinna að fræðslu fyrir fullorðna til að auka lagalæsi og réttindarvitund kynnist fræðsluverk-

efnum hvor annarrar og miðli af sinni reynslu af fræðsluverkefnum (best practices). Samstarfsaðilar í verkefninu koma frá Þýskalandi, Grikklandi, Póllandi, Ungverjalandi, Bretlandi, Danmörku og Íslandi. Fulltrúar Mannréttindaskrifstofunnar fóru á fyrsta fund samstarfsverkefnisins í Berlín í nóvember á þessu ári en einn fundur er haldinn í hverju landi. Mannréttindaskrifstofan mun halda síðasta fundinn í tengslum við verkefnið sumarið 2013.

Rannsókn um tilhögun forsjár við skilnað ef annað foreldrið er af erlendum uppruna

MRSÍ og Fjölmeningarsetur fengu styrk frá Innflytjendaráði til að rannsaka tilhögun forsjár við skilnað ef annað foreldrið er af erlendum uppruna. Ari Klængur Jónsson og Jóna Aðalheiður Pálmadóttir sjá um gagnaöflun og úrvinnslu gagna og gert er ráð fyrir að niðurstöður rannsóknarinnar liggja fyrir seinni hluta ársins 2012.



Samstarfsaðilar í Grundtvig verkefninu Enhancing Legal Literacy Network komu saman á fyrsta fundi verkefnisins í Berlín í nóvember.

ERLENT samstarf


Mannréttindaskrifstofan er meðlimur í samtökum mannréttindastofnana á Norðurlöndum, samtökum mannréttinadstofnana í Evrópu (AHRI) og samtökum er berjast fyrir framgangi viðauka við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi sem mælir fyrir um kæruleið einstaklinga til nefndar. Skrifstofan er meðlimur í UNITED samtökum er berjast gegn kynþáttamisrétti og í ESC-neti sem vinnur að framgangi efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda. Þá er skrifstofan einnig meðlimur í FIDH, alþjóðlegum samtökum er vinna að mannréttindum á breiðum grunni.

Human Rights Education Project

Mannréttindaskrifstofan leiðir vinnu í alþjóðlegu fræðsluverkefni, *Human Rights Education Project* (HREP) samstarfsverkefni Friðarháskóla Sameinuðu þjóðanna og ríkis-

stjórnar Hollands. Verkefnið er m.a. styrkt af UNESCO. Verkefnið samanstendur af þremur bókum og margmiðlunardiski.

Fyrsti hluti verkefnisins er *The Human Rights Reference Handbook*, yfirlitsverk um mannréttindahugtök, dóma og hin alþjóðlegu kerfi sem stuðla að vernd mannréttinda. Annar hluti verkefnisins er *Human Rights Instruments*, samantekt samninga, alþjóðlegra yfirlýsinga og ýmissa skjala er varða mannréttindi. Þriðji hluti verkefnisins *Universal and Regional Human Rights Protection; Cases and Commentaries*, inniheldur dómaútdrætti og umfjöllun um ákvarðanir Mannréttindanefndar Sp, Mannréttindadómstóls Evrópu, Mannréttindadómstóls Ameríku og Afrísku Mannréttindanefndarinnar. Margmiðlunardiskurinn *Human Rights Ideas, Concepts and Fora*, inniheldur bækurnar þrjár auk samninga, dóma og ítarefnis.



Á árinu 2010 kom út níunda útgáfa af *Human Rights Instruments* og fimmta útgáfa af *Human Rights Reference Handbook*.

Heimasíða HREP

Mannréttindaskrifstofan heldur úti vefsetri um mannréttindi á ensku sem byggir á efni úr *Human Rights Education Project*. Í vefsetrinu er að finna fjölbreytt efni um ýmis mannréttindamál: alþjóðlegar mannréttindastofnanir, dóma og úrskurði alþjóðlegra eftirlitsstofnana, efni um réttindi tiltekinna hópa, efni um tengsl mannréttinda og annarra málaflokka, o.fl.

AHRI - The Association of Human Rights Institutes

Árleg ráðstefna AHRI samtakanna var haldin í Fenejum í september 2011 og var hún jafnframt sú ellefta í röðinni.

Aðsetur AHRI er nú hjá norsku mannréttindastofnuninni í Osló. Formaður er Nils A. Butenschøn, framkvæmdastjóri stofnunarinnar. Eftirfarandi 32 stofnanir eiga nú aðild að AHRI:

- Belgrade Centre for Human Rights, Serbíu og Svartfjallalandi;
- Centre for Human Rights, Central European University, Búdapest, Ungverjalandi;
- Centre for Human Rights, University of Pretoria, S-Afríku;
- Centre for International Human Rights, Institute of Commonwealth Studies and Human Rights Consortium, School of Advanced Study, University of London, Bretlandi;
- Centre for the Study of Global Ethics, University of Birmingham, Bretlandi;
- Centre for the Study of Human Rights, London School of Economics and Political Science, Bretlandi;
- Chr. Michelsen Institute, Noregi;
- Danska mannréttindaskrifstofan;
- Erik Castrén Institute of International Law and Human Rights, University of Helsinki, Finnlandi;
- European Inter-University Centre for Human Rights and Democratisation, Venice-Lido, Ítalíu;
- European Training- and Research Centre for Human Rights and Democracy, Graz, Austurríki;
- Human Rights and Globalization Research Group, University of Seville, Spáni;
- Human Rights and Social Justice Research Institute, London Metropolitan University, Bretlandi;
- Human Rights Centre, University of Essex, Bretlandi;
- Human Rights Centre, Queen's University, Belfast, Norður Írlandi;
- Human Rights Law Centre, University of Nottingham School of Law, Bretlandi;
- Human Rights Observatory / Observatoire des Droits de l'Homme, University of Luxembourg, Lúzenborg;
- Human Rights Programme, University of Sydney, Ástralíu;
- Newcastle Forum for Human Rights and Social Justice, Newcastle Law School, University of Newcastle, Bretlandi;
- Institute for Human Rights, Åbo Akademi University, Finnlandi;
- Institute of Human Rights, Catholic University of Leuven, Belgíu;
- Institute of Human Rights, University of Latvia; Lettlandi;
- Institute for Minority Rights, European Academy (EURAC), Bozen, Ítalíu;
- Interdepartmental Centre on Human Rights and the Rights of Peoples, University of Padua, Ítalíu;
- Irish Centre for Human Rights, National University of Ireland, Galway, Írlandi;
- Ludwig Boltzmann Institute of Human Rights, Austurríki;
- Maastricht Centre for Human Rights, Maastricht University, Faculty of Law, Hollandi;
- Mannréttindaskrifstofa Íslands;
- Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Háskóla Íslands, Reykjavík, Íslandi.

- Nansen Center for Peace and Dialogue, Norwegian Humanistic Academy, Lillehammer, Noregi;
- Netherlands Institute of Human Rights (SIM), University of Utrecht, Hollandi;
- Norwegian Centre for Human Rights, University of Oslo, Noregi;
- Pedro Arrupe Institute of Human Rights (SIM), University of Deusto, Bilbao, Spáni;
- Poznan Centre for Human Rights, Polish Academy of Sciences, Póllandi;
- Raoul Wallenberg Institute of Human Rights and Humanitarian Law, Lund, Svíþjóð;
- The Research Group Law and Development, University of Antwerpen, Belgíu;
- Riga Graduate School of Law, Lettlandi;
- Svissneska mannréttindastofnunin;
- Transitional Justice Institute, University of Ulster, Jordantown/Magee, Bretlandi;
- University of Zürich Competence Centre for Human Rights, Sviss;
- Þýska mannréttindastofnunin.

Sameinuðu þjóðirnar

Skuggaskýrsla vegna UPR skýrslu Íslands

Mannréttindaskrifstofan skilaði skuggaskýrslu vegna fyrstu Universal Periodic Review skýrslu Íslands til skrifstofu Mannréttindafulltrúa Sp í eigin nafni og fyrir hönd nokkurra annarra samtaka. Þar var m.a. vikið að ýmsum mannréttindasáttmálum sem Ísland hefur undirritað en ekki fullgilt,

svo og samningum sem hafa ekki verið undirritaðir. Í skýrslunni kom einnig fram að enn skorti á jafnrétti kynjanna, sem m.a. birtist í kynbundnum launamun, fáum konum í stjórnunarstöðum og ekki síst kynbundnu ofbeldi. Var bent á lága tíðni ákæra og sakfellinga í kynferðisbrotamálum gegn konum og börnum. Þá var fjallað um stöðu trú- og lífskoðunarfélaga gagnvart Þjóðkirkjunni. Enn fremur var áhersla lögð á að stjórnvöld þyrftu að marka sér mannréttindastefnu og að setja þyrfti heildstæða almenna löggjöf um bann við mismunun. Þá var fjallað um ástand fangelsismála, skort á rými og vistun ungra fanga og gæsluvarðhaldsfanga með öðrum föngum og bent á niðurskurð hjá lífeyrissjóðum, að ellilífeyrir nægi ekki til framfærslu. Jafnframt var í skýrslunni bent á hátt hlutfall kvenna af erlendum uppruna sem leita aðstoðar Kvennaathvarfs. Þá var vikið að félagslegum réttindum og fátækt, sérstaklega á meðal barnafjölskyldna, réttindum barna, fatlaðra, innflytjenda o.fl.

Skuggaskýrsla um borgaraleg og stjórnómáaleg réttindi

Mannréttindaskrifstofan skilaði einnig skuggaskýrslu til Sp við fimmtu skýrslu Íslands um framfylgd Alþjóðsamnings um borgaraleg og stjórnómáaleg réttindi. Í skýrslunni eru ýmis atriði gagnrýnd og bent á hvernig betur mætti standa að ýmsum málum er varða borgaraleg og stjórnómáaleg réttindi, en einnig er bent á lagabreytingar sem hafa í för með sér jákvæðar afleiðingar. Bent var á að fatlaðir einstaklingar verða að staðaldrí fyrir mismunun er varðar menntun, húsnæði og þátttöku í opinberu lífi.

Að mati skrifstofunnar er heimilisofbeldi stórt vandamál á Íslandi þar sem konur og börn eru oftast fórnarlömb ofbeldis



af hendi maka og/eða föður. Vill skrifstofan að meiri athygli beinist að því að berjast gegn heimilisofbeldi og hvetur MRSÍ íslensk stjórnvöld til að finna skilvirkari úrræði fyrir fórnarlömb heimilisofbeldis. Varðandi kynferðisofbeldi vekur skrifstofan athygli á því að mjög fá mál fara fyrir dómstóla og þau mál sem það gera enda oftast en ekki með sýknu. Vegna niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu hefur starfsemi Neyðarmótöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis á Landspítalanum verið minnkuð verulega frá því sem hún var upphaflega. Annað sem MRSÍ bendir á varðandi kynferðisofbeldi er að nánast engar fyrirbyggjandi aðgerðir eru gerðar af hálfu stjórnvalda og því aðeins óháð samtök með lítið fjármagn sem standa að þeim. Á meðan eru forvarnaaðgerðir eins og fræðsla og herferðir algengar þegar kemur að áfengis-, tóbaks- og fíkniefnaneyslu.

Í skýrslunni var einnig vikið að fangelsismálum en þar er helst ábótavant að aðskilnaður fullorðins fanga og fanga undir 18 ára aldri er ekki lögboðinn á Íslandi og brýtur það í bága við alþjóðlegar mannréttindareglur.

Evrópuráðið

Upplýsingaskrifstofa Evrópuráðsins

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur um árabil séð um að senda Upplýsingaskrifstofu Evrópuráðsins um mannréttindamál skýrslu um dómaframkvæmd og lagasetningu á Íslandi er tengjast Mannréttindasáttmála Evrópu. Ber skrifstofunni að skila árlega útdráttum úr dómum og lögum er tengjast MSE og er þetta efni birt í árbók upplýsingaskrifstofunnar

Skuggaskýrsla til ECRI nefndar

Mannréttindaskrifstofa Íslands skilaði ásamt Fjölmenningsarsetri, skuggaskýrslu til ECRI nefndar Evrópuráðsins en hún vinnur gegn kynþáttahatri-og fordómum í Evrópu. Þar var m.a. bent á að Ísland hefði ekki fullgilt 12. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu um bann við mismunun. Þá

var fjallað um skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, s.s. íslenskupróf, sem reynst geta afar erfið einstaklingum sem tala tungumál sem eru mjög ólík íslensku. Einnig var bent á skort á forvörnum gegn rasisma og fjallað um aðgang innflytjenda að menntun, þjónustu og atvinnu.

Evrópusambandið

Mannréttindaskrifstofa á fulltrúa í COST-verkefninu og Evrópusambandsverkefninu Non-discrimination and diversity training hér á landi, í samvinnu við Migration Policy Group og European Human Consultancy. Verkefnið felur í sér þjálfun fyrir launþegahreyfinguna og félagasamtök til að auka þekkingu þeirra á tilmælum Evrópusambandsins á sviði fjölmennningar og jafnréttis og íslenskri löggjöf gegn mismunun.

NORRÆNT SAMSTARF

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum

Norræni skólinn í mannréttindarannsóknum, sem áður nefndist Norræna rannsóknarnetið, var formlega stofnaður í janúar 2002. Skólanum hefur tekist að festa sig vel í sessi undir ötulli forystu Martins Scheinin. Þar á að kortleggja rannsóknir, sem verið er að vinna að á Norðurlöndum á sviði mannréttinda og koma á fjögurra ára þverfaglegu doktorsnámi sem verði skipulega uppbyggt og strangar kröfur gerðar um vísindaleg vinnubrögð. Sérstök áhersla verður lögð á norræn sjónarmið og norræn verkefni, en einnig alþjóðleg og þá sérstaklega verkefni sem tengja Norðurlönd umheiminum.

Norrænir samráðsfundir um mannréttindamál

Mannréttindaskrifstofan tók þátt í árlegum samráðsfundi norrænna stjórnvalda og mannréttindastofnana og reglulegum samráðsfundum framkvæmdastjóra norrænna mannréttindastofnana. Fundurinn er gjarnan haldinn fyrir fundi mannréttindaráðs Sp en tilgangurinn er að stilla

samanstrengi fyrir ráðið. Norrænu mannréttindastofnanirnar nýta þessa fundi til að koma áherslumálum sínum á framfæri og reyna að hafa áhrif á, og fræðast um stefnumið stjórnvalda í tilteknum mannréttindamálaflokkum. Síðasti fundur var haldinn á sama tíma og AHRI ráðstefnan í Fenejum.